

— Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurum- 164
dæminu um breyting á 2 umboðum. — Samkvæmt tillögum amtmanns samþykkti 28. júlí.
landshöfðingi með þessu brjefi, að þessar jarðir í Þingeyjarsýslu: $\frac{1}{2}$ Brettingsstaðir,
Uppibær, Skuggabjörg og Keflavík, er hingað til hafa legið undir Möðruvallaklausturs-
umboð, skuli frá 1. jan. 1883 að telja leggjast undir Munkaþverárklaustursumboð, og að
frá sama tíma skuli aptur eptirnefndar jarðir í Grímsey: Básar, Syðri Grenivík og
Neðri Sauðavík, er hingað til hafa legið undir Munkaþverárklaustursumboð, leggjast
undir Möðruvallaklaustursumboð.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 165
endurskoðun á jarðamatinu. — Í brjefi frá 4. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður spurt, 28. júlí.
hverja aðferð skuli við hafa, ef einhver hreppsnefnd skyldi skorast undan eða vanrækja
að framkvæma í tíma þau störf með tilliti til endurskoðunar á jarðamatinu frá 1861, sem
getur um í brjefi ráðgjafans frá 28. febr. þ. á. og umburðarbrjefi mínu frá 1. apríl s. á.
(stjórnartíðindi þ. á. B. 52. og 53).

Þegar slíkt kemur fyrir verður, fyrst samkvæmt 38. grein sveitastjórnartilskipun-
arinnar frá 4. maí 1872 spurning um sektaábyrgð fyrir oddvita hreppsnefndarinnar og
aðra hreppsnefndarmenn, en þar að auki verð jeg að leiða athygli yðar að því, að ekki
megi draga endurskoðunina á jarðamatinu í heild sinni sökum slíkrar undanfærslu.

Að vísu er ekkert á móti því, að sýslunefndirnar veiti einstökum hreppsnefndum
nokkra lengingu á fresti þeim, er tiltekinn er með 1. grein umburðarbrjefs míns frá 1.
apríl þ. á., ef slíkur frestur kemur eigi í bága við störf þau, er ætluð eru sýslunefndun-
um sjálfum; en sýslunefndirnar mega ekki láta það bregðast að afgreiða sjálfar jarðamat-
ið með póstum þeim, er eiga að koma hingað í nóvembermánuði, og geta hreppsnefndir
þær, er vanrækja það, sem fyrir þær hefir verið lagt, kennt sjálfum sjer um það, ef þær
fá ekki þátt þann í endurskoðun jarðamatsins, sem þeim hefir verið ætlaður, og verður
sýslunefndin með tilliti til slíkra hreppa að ganga út frá því, að hreppsnefndin hafi ekki
álitid það nauðsynlegt eða æskilegt, að jarðamatið yrði lækkað hvorki fyrir hreppinn í
heild sinni nje að því er snertir hinar einstöku jarðir í hreppnum, og hinsvegar myndi
sætta sig við hækkun þá á jarðamatinu fyrir hreppinn í heild sinni, sem sýslunefndin
kynni að ætla æskilega.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 166
flutning á síldarveiðiahöldum í utanríkisskipum. — Út af fyrirspurn þeirri frá sýslu- 28. júlí.
manninum í Norðurmúlasýslu, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmað-
ur, 4. þ. m. vil jeg tjá yður, að jeg er yður samdóma um, að innlendir síldarveidamenn
megi nota norsk eða önnur utanríkisskip til að flytja hafna á milli vistir og annað, er
heyri til síldarafla, sbr. 4. grein laga 7. nóvbr. 1879 (A. 28) og ráðgjafabrjef frá 20.
nóvbr. 1879 (stjórnartíðindi 1880 B 33) um að nota utanríkisskip til vöruflutninga.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 167
landamerki þjóðjarða. — Út af fyrirspurn frá umboðsmanni stærri og minni 28. júlí.
jarða Eyjafjarðarsýslu, um skyldu umboðsmanna til að fylgja fram landamerkjalog-